

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskráum rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitna er gildi frá og með 1. maí 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 118, 15. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 119, 24. febrúar 1982, hækki um ..	23%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 120, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 121, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 123, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 124, 24. febrúar 1982.	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .....	23%
nema taxtar A-1 og A-2 sem hækki um .....	14,7%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 125, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 126, 24. febrúar 1982, hækki um ....	18%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 127, 24. febrúar 1982.	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .....	23%
nema liður A-1, orka til almennrar lýsingar, sem hækkar um .....	14%
Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 128, 1. mars 1982.	
Allir gjaldskrárliðir hækki um .....	17,4%
nema taxti C-2 sem hækkar um .....	22%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 129, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 130, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 131, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 132, 24. febrúar 1982, hækki um ....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 133, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 134, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 135, 24. febrúar 1982, hækki um ....	23%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 136, 24. febrúar 1982, hækki um ....	23%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskráum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. maí 1982:

A.	Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 137, 24. febrúar 1982.	
	I Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	23%
	II Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	22%
	III Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	23%
B.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 99, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%
	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 122, 24. febrúar 1982, hækki um .....	23%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

27. apríl 1982.

Nr. 224.

## REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1982.

### 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 8. maí 1982 til og með 20. maí 1982, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar fyrir Vestur- og Suðurlandi á svæði, sem markast af línunum dregnum réttvisandi norður frá Hornbjargi og réttvisandi suðaustur um Papey.

### 2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1982 til og með 15. ágúst 1982, eru allar þorskveiðar í net bannaðar.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net samkvæmt 1. mgr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildarafla einstakrar veiðiferðar verður andvirði þorskafla yfir 15% gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1982.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*